



Minnisblað


Efni: Lenging leiðar 22 að Vetrarmýri
Frá: Skipulag/Leiðakerfi hjá Strætó bs.
Til: Garðabær
Dagsetning: 21.5.2021

Inngangur

Fulltrúar Garðabæjar óskuðu eftir því við Strætó að skoða möguleika á að lengja leið 22 þannig að hún þjónusti íþróttamiðstöð sem er í byggingu í Vetrarmýri. Áætluð opnun hússins er í byrjun árs 2022 og því óskar Garðabær eftir því að þjónusta almenningssamgangna verði hafin þar fyrir opnun hússins.

Núverandi leið 22

Leið 22 var komin á til tilraunar til eins árs haustið 2020. Samið var við Hagvagna um að aka leiðina á litlum vögnum á annatíma fyrri og seinni part dags. Þannig geta Hagvagnar nýtt vagninn til annarra verka þess á milli. Samið var um sérstakt klst. verð sem er töluvert lægra en þau verð sem sjást annars staðar í leiðakerfinu, enda um tímabundið verkefni að ræða. Klst. gjaldið sem um er að ræða er tæplega 4 þús. krónum ódýrara en lægsta klst. verð Hagvagna á öðrum leiðum. Auk þess er ekki greitt svokallað vagnagjald fyrir leiðina sem er í dag lægst hjá Hagvögnum tæpar 640 þús. krónur á mánuði. Því er líklega þörf á að semja við Hagvagna upp á nýtt þegar tilraunaverkefninu líkur og allar líkur eru á því að klst. verðið hækki og vagnagjald bætist við. Þó er í þessu minnisblaði gert ráð fyrir sömu klst. tölum og fyrir núverandi leið 22 og að ekið sé á litlum vagni (sem gert er ráð fyrir að aki áfram leið 22 þar sem ekki er hægt að fara undir Reykjanesbraut á stærri vagni).



Akstursleið leiðar 22 í dag

Mögulegar útfærslur á lengdri leið 22

Útreikningur útfærslna 1-3 að neðan tekur mið af akstri lítils vagns í áætlun, ekki pöntunarferða.

Í útfærslum 1 og 2 er gert ráð fyrir að einnig verði boðið upp á pöntunarþjónustu í að minnsta kosti þremur ferðum milli 21 – 23 á kvöldin, á virkum dögum og þremur til fjórum ferðum á kvöldin um helgar (þar sem ekki er gert fyrir akstri vagns um helgar).

Í útfærslum 1 – 3 að neðan er akstursleiðin eins, þ.e. að vagninn aki að Vetrarmýri skv. mynd að neðan:



Útfærsla 1

- Gert er ráð fyrir að lítill vagn aki allan daginn, frá u.þ.b. kl. 7 – 20.
- Gert er ráð fyrir að lítill vagn aki á 30 mín. milli 7 – 10 og 13:30 – 20.
- Gert er ráð fyrir að lítill vagn aki á 60 mín. tíðni milli kl. 10 og 13.
- Gert er ráð fyrir að lítill vagn aki á 30 mín. tíðni allan daginn á laugardögum frá kl. 8 – 19 og á sunnudögum frá kl. 10 – 19.

Árlegur kostnaður leiðarinnar í aksturstímum á litlum vagni yrði um tæpar **37 milljónir króna**.

Útfærsla 2

- Gert ráð fyrir að lítill vagn aki allan daginn, frá u.þ.b. kl. 7 – 20 á hálf tíma tíðni.
- Gert ráð fyrir að lítill vagn aki á 30 mín. tíðni allan daginn á laugardögum frá kl. 8 – 19 og á sunnudögum frá kl. 10 – 19.

Skv. þessum forsendum yrði árlegur kostnaður leiðarinnar í aksturstímum á litlum vagni tæpar **40 milljónir króna**.

Útfærsla 3

Eins og útfærsla 1 nema ekki ekið um helgar. Þá yrði pöntunarþjónusta líkt og í dag um helgar.

- Gert er ráð fyrir að lítill vagn aki allan daginn, frá u.þ.b. kl. 7 – 20.
- Gert er ráð fyrir að lítill vagn aki á 30 mín. milli 7 – 10 og 13:30 – 20.
- Gert er ráð fyrir að lítill vagn aki á 60 mín. tíðni milli kl. 10 og 13.
- Ekki gert ráð fyrir akstri vagns í áætlun um helgar.

Skv. þessum forsendum yrði árlegur kostnaður leiðarinnar í aksturstímum á litlum vagni tæpar **27 milljónir á ári**.

Í útfærslu 3 er ekki gert ráð fyrir akstri vagns um helgar (líkt og leið 22 í dag). Þó er líklegt að ásókn í leiðina verði meiri eftir því sem íþróttasvæðið byggist upp. Mögulega yrði einnig mikið pantað frá Ásgarði einnig af notandum frá Sjálandshverfinu. Þannig er mögulegt að dýrara verði að hafa pöntunarþjónustu um helgar heldur en að hafa vagn í áætlun á leiðinni.

Varðandi pöntunarþjónustu:

Undanfarna mánuði hafa að meðaltali tæplega 90 ferðir verið pantaðar í pöntunarþjónustu á leið 22 á mánuði. Hver ferð hefur verið að kosta ca. 5 þús. kr. Akstursleiðin lengist um ca. 29% með akstri að Vetrarmýri og því er lauslega hægt að áætla að hver ferð muni kosta 29% meira en í dag. Þannig myndi hver ferð kosta tæpar 6.500 kr. Miðað við núverandi notkun myndi þannig árlegur kostnaður af pöntunarþjónustu verða rúmar 6,2 milljónir. Þar sem íbúar í 400m radíus leiðarinnar mun aukast um 31% er lauslega hægt að áætla að þar með sé 31% meiri ásókn í pöntunarþjónustu. Útfrá þessum forsendum gæti árlegur kostnaður pöntunarþjónustu verið tæpar 8,2 milljónir. Hér er þó ekki tekið tillit til þess að mögulega verði enn meiri ásókn í leiðinna vegna aðdráttarafls nýs íþróttasvæðis í Vetrarmýri.

Aðrar mögulegar færslur á lengingu leiðar 22:

Mögulegt er að aka Karlabraut í stað Hofstaða. Þá væri aksturtíminn samt sem áður lengri og orðið tæpara að ná að aka leiðina á 1 vagni.

Einnig er mögulegt að sameina leiðir 22 og 23 og aka á 2 vögnum til að tengja betur saman Álftanes og Sjálandshverfi við verðandi íþróttamiðstöð að Vetrarmýri.

Þessar útfærslur eru ekki reiknaðar hér en ef vilji er fyrir því er hægt að gera það í framhaldinu.

Samantekt:

Weekday	Weekday	Weekday
FROM TO EVERY	FROM TO EVERY	FROM TO EVERY
07:07 09:37 30 min	07:07 19:37 30 min	07:07 09:37 30 min
10:10 13:30 60 min		10:10 13:30 60 min
13:30 20:00 30 min		13:30 20:00 30 min
Saturday	Saturday	Saturday
FROM TO EVERY	FROM TO EVERY	FROM TO EVERY
08:00 19:00 30 min	08:00 19:00 30 min	00:00 00:00 0 min
Sunday	Sunday	Sunday
FROM TO EVERY	FROM TO EVERY	FROM TO EVERY
10:00 19:00 30 min	10:00 19:00 30 min	00:00 00:00 0 min

Útfærsla 1

Útfærsla 2

Útfærsla 3

	Árlegur kostnaður*	Helsti kostur/ókostir milli útfærslna:
Útfærsla 1	37 milljónir	Léleg þjónusta yfir miðjan daginn, flækir tímatöflu að hafa 60 mín. tíðni
Útfærsla 2	40 milljónir	Þæginlegri tímatafla (heldur en í útfærslu 1) fyrir notendur, eins allan daginn.
Útfærsla 3	Tæpar 27 milljónir	Léleg þjónusta um helgar. Mögulega verður kostnaður mikill við pöntunarþjónustu.

*Árlegur kostnaður án pöntunarþjónustu.